Af meintu formleysi

Uppgangur abstraktlistar í Evrópu á árunum um og eftir síðari heimsstyrjöld hefur verið mörgum listspekúlöntum ráðgáta.

Hvernig gátu áhangendur þessarar listar, þ.á m. allnokkrir íslenskir listamenn, fengið af sér að snúa myndlistinni upp í fáfengilegan eltingaleik við „formgerðir" og „pensilskrift" eftir allt það sem á undan var gengið?

Bar þessum listamönnum ekki skylda til að bera samtíma sínum vitni, byggja á því fordæmi sem Picasso setti með stórbrotinni stríðsádeilu sinni, Guernicu?

Spurningar af þessu tæi voru ofarlega í huga ýmissa þeirra sem á fyrsta áratugnum eftir stríð sáu hverja holskeflu abstraktlistar á fætur annarri ríða yfir Vesturlönd: abstrakt expressjónisma/átakamálverk í Bandaríkjunum, tassisma/óreglu í Frakklandi og á Ítalíu, ljóðrænt abstraktmálverk í Þýskalandi, kóbralist í Danmörku, Hollandi og Belgíu – og svo framvegis.


Þá eru óupptaldar óhlutbundnu strangflatarstefnurnar, konkretlistin, geómetríska listin og annað í þá veru sem urðu expressjónísku listinni samferða.

Rökrétt viðbrögð

En er ekki hægur vandi að líta á meint ábyrgðarleysi abstraktmálaranna sem rökrétt viðbrögð við undangenginni útrýmingarstyrjöld ?

Margir listamenn töldu að styrjöldin hefði sýnt fram á gjaldþrot vestrænnar siðmenningar, og þar með hefðbundinnar listsköpunar.

Þar með var listamanninum frjálst, og raunar nauðsyn, að finna sér nýjar og einkalegar leiðir til tjáningar



Corneille – Málverk, 1962.



Karel Appel – Maður og fuglar, 1958.

og nýjar listrænar fyrirmyndir, ómengaðar af vestrænni helstefnu.

Því er það að menn byrja frá grunni, í fullkominni óreiðu litanna, rétt eins og börn, geðsjúkt fólk og spunalistamenn Afríkuþjóða, og krafsa sig áfram uns þeir finna einhvern tilgang og tilvistarlega réttlætingu með öllu saman.

Einnig má halda því fram að iðkendur strangflatarlistarinnar hafi í og með stjórnast af löngun til að koma skikk á lífssýn okkar og óskipulega hugsun sem beðið hafði skipbrot í styrjöldinni. Gegn henni tefla þeir hreinni og klárri myndskipan og ómenguðum litum.

Formsins menn

Tilefni þessa formála er að sjálfsögðu sýning á „formleysismálverkum" úr safni Riis í Osló sem nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum.

Það er best að taka það strax fram að mér leiðist þetta formleysishugtak sem er bein þýðing á franska hugtakinu „art informel" sem mér vitanlega var aldrei notað í neinni alvöru nema um einn listamann, Fautrier – sem ekki er einu sinni á sýningunni.

Vilji menn endilega slá því föstu að þessi sýning gangi út frá upplausn formsins er skynsamlegra (og þjálli íslenska) að tala um „óreiðu" eða einfaldlega „óformlegt málverk", því strangt til tekið eru fá listaverk í heimi hér gersneydd formi. Og af þeim eru varla nema þrjú á þessari sýningu, segjum verk Weidemanns, Toledos og Debrés.

Til dæmis einkennist sú myndlist eftir kóbramenn sem þarna er til sýnis, Alechinsky, Appel, Corneille, Jacobsen og Jörn, af sérstaklega sterku formskyni, enda er þar á mjög svo meðvitaðan hátt vitnað í þær kynja- og ævintýraverur sem listamennirnir töldu að hefðu tekið sér bólfestu í undirvitund Norður-Evrópubúa.

Einnig eru fáir meiri formsins menn en Serge Poliakoff sem þarna á „alveg týpíska" mynd.

En alveg burtséð frá óþarfa hugtakaruglingi er þarna á ferðinni hin merkasta sýning – mátulega stór – og í rauninni bráðnauðsynlegt fyrir alla þá sem vilja kynna sér þróun evrópskrar myndlistar á eftirstríðsárunum að gefa henni gaum.

Við uppsprettu lífsins

Sú þróun fór að hluta fram á Íslandi, eins og glöggt sést á nokkrum ágætum málverkum eftir Svavar Guðnason sem hanga fram á gangi, sýningunni til samlætis.

Sýningin eykur einnig skilning á því sem gerðist í verkum íslenskra listamanna á borð við Kristján Davíðsson, Nínu Tryggvadóttur, Eirík Smith og Steinþór Sigurðsson upp úr miðjum sjötta áratugnum.

Það er til dæmis merkilegt hve oft Appel og Kristján Davíðsson virðast kallast á í verkum sínum, án þess að um bein áhrif sé að ræða.

Appel er annars „stjarna" þessarar sýningar, í senn hrjúfgerður og ljúfur, hvatvís og yfirvegaður, í sérstöku trúnaðarsambandi við sjálfa uppsprettu lífsins. Allar myndir hans eru í háum gæðaflokki.

Jörn, Alechinsky og Jacobsen eiga þarna líka mögnuð verk sem sérhvert listasafn í heimi gæti verið stolt af.

Flest önnur verk á sýningunni mundu fremur flokkast undir sýnishorn en stórbrotna list en skapa bæði nauðsynlegt mótvægi og fyllingu.

-ai.

Listahátíð fatlaðra í Vejle

Í lok maí munu fatlaðir listamenn frá flestum Evrópulöndum, og þá væntanlega einnig Íslandi, safnast saman í Vejle í Danmörku til að halda listahátíð.

Á dagskrá verða tónlistaflutningur, leikhúsuppákomur og danssýningar. Auk þess munu fatlaðir listamenn koma saman til skrafs og ráðagerða meðan á hátíðinni stendur.

Þarna munu m.a. koma fram grískir dansarar í hjólastólum, daufdumbur látbragðsleikari og blindur dansari frá Finnlandi.

Sýningarflóð

Íslensk myndlist er nú að verða umtalsverð útflutningsvara, ef marka má þær upplýsingar sem drífur að blaðinu í hverri viku.

Nú er til dæmis nýlokið sýningu þeirra hjóna **Huldu Hákonardóttur** og **Jóns Óskars** í Edward Thordén Gallery í Gautaborg en það er meðal þekktustu sýningarstofnana þar í sveit.

Georg Guðni er með sýningu í hinu virta Galleríi Riis í Osló (til 11. mars), en eigendur þess eiga þau „formleysismálverk" sem nú eru til sýnis að Kjarvalsstöðum. Hafa þeir keypt stóra mynd eftir Georg í safn sitt.

Í vor verður **Kristján Guðmundsson**, nýútnefndur Menningarverðlaunahafi DV, einnig með sýningu í Galleríi Riis, og er Riis safnið þegar búið að tryggja sér verk eftir hann til eignar.

Laugardaginn 3. mars opnaði **Guðbergur Auðunsson** svo einkasýningu í gestavinnustofu Kúltúrhússins í Bergen (til 18. mars) og sýnir um 20 málverk.



Georg Guðni Hauksson

Blönduós:

Júgóslavnesk myndlist

Ekki eru algengar sýningar á júgóslavneskri myndlist úti á landi.

Ein slík hefur þó staðið yfir í Hótel Blönduósi. Júgóslavi, Danilo að nafni, nú búsettur á Blönduósi, kom á þessari sýningu á vatnslitamyndum eftir landa sinn, Niko Ribic, í þeim tilgangi að kynna Húnvetningum júgóslavneska list og afla farareyris fyrir listamanninn sem vill óður og uppvægur koma til Íslands að mála landslagsmyndir. Vonandi hefur listamaðurinn erindi sem erfiði.

Úrvalsnemar í enskum listaskóla

Tvær íslenskar stúlkur eru nú meðal úrvalsnemenda í hinum þekkta breska listaskóla Royal College of Art í London.

Önnur þeirra, Inga Lísa Middleton, stundar nám í ljósmyndun og hefur þegar unnið til viðurkenninga og verðlauna. Myndir eftir hana voru reyndar til sýnis í Norræna húsinu og Djúpinu í desember.

Hin heitir Brynja Bragadóttir og stundar meðal annars nám í gerð svokallaðra bókverka, þar sem fara saman myndlist og bókagerðarlist.

Brynja hefur þegar gert mikla bók þar sem rúnir eru notaðar á nýstárlegan hátt. Bókin er eins og hálfmáni í laginu, bundin inn í járnplötur.

Dönsk þroskasaga

Þetta er fyrsta skáldsaga Marianne Larsen, sem er nokkuð kunn fyrir ljóðagerð, tæplega fertug að aldri. Hún kom m.a. fram á ljóðahátíð í Reykjavík fyrir fimm árum. Þetta er uppvaxtarsaga stelpu í dönskum smábæ á 6. og 7. áratugnum, allt frá fyrstu endurminningum hennar. Hér eru allmargar persónur, hver með sínum sérkennum. Amma sem þjáist af þunglyndisköstum, afi staglar í netin, farinn að heilsu, móðirin uppstökk, framtakssöm, en hirðulaust; faðirinn vill alltaf fresta framkvæmdum til morgundagsins. Áberandi persónur eru auk þess lítill strákur sem er í gæslu hjá stelpunni, ágjarni nirfillinn afi hans, fyllibyttan sem á duglegu konuna og börnin mörg o.s.frv. Í heild verður þetta fjölskrúðugt persónusafn, og ekki efast ég um að það sé dæmigert fyrir danskan smábæ á þessum tíma, mér finnst ég kannast við flest úr öðrum bókum. Og reyndar er hér margt sem Íslendingar gætu kannast við frá þessum tíma.

Rólegt og tíðindalítið líf

Það er rólegt og tíðindalítið líf, sem bókin segir frá, svo sem eðlilegt er um ævisögu barns. Töluvert er þó dvalist við tækninýjungar, hitaveitu, sjónvarp, krullupinna o.s.frv., til að skapa sögunni rétt andrúmsloft. Þetta er eins og vant er, og það virðist vera rétt farið með þetta allt, engar tímaskekkjur. En ósköp virðist mér þetta dót allt ómerkilegt efni, því það hefur svo sem sáralítil áhrif á gang sögunnar, eða líf persónanna. Nú gæti velviljaður lesandi svarað því til, að það sé einmitt mergurinn málsins, að sýna að fólkið breytist ekki í sjálfu sér, hvað sem öllum tækninýjunum líði. Gott og vel, en persón-



Marianne Larsen.

Bókmenntir

Örn Ólafsson

urnar breytast hvort eð er aldrei, þær eru allar einhliða týpur, sem lesandinn kann utanbókar eftir fjórðung bókar, síðan getur engin þeirra komið honum á óvart. Þetta er alltaf sama hversdagslega þvargið í þeim. Það má kalla raunsæisstefnu, altént er það nógu kunnuglegt. Og til að kóróna allt saman, þá er sagan öll í sama stílnum, stuttar aðalsetningar mestanpart, einsog upplýsingar um staðreyndir á einföldu máli.

Andrúmsloft smábæjar

Nú kynni einhverjum að þykja þetta einmitt snjallt, þannig nái sagan andrúmslofti smábæjar þar sem ekkert gerist, og allir kunna hver annan utanbókar, enginn getur komið neinum á óvart. En það finnst mér vera sjónarmið utanbæjarmanns, t.d. fullorðins Kaupmannahafnarbúa, sem horfir með leiða á staðinn. Mér finnst þetta stangast á við það, að í sögumiðju stendur barn, sem er að kynnast heiminum á þessum stað. Íslendingar þurfa ekki annað en opna Fjallkirkjuna eftir Gunnar Gunnarsson til að sjá ævintýralegan heim bernskunnar, þar sem utanaðkomandi fullorðinn maður sæi ekki annað en fátækt og fábreytt líf. Og mér er minnisstæð t.d. fyrsta bók Dorrit Willumsen Knagen, þar sem jafnvel ferð á útikamar er þrunginn skáldskap og lífi.

Félagsfræðileg sjónarmið

Þessi skáldsaga Larsen fékk mikið lof fyrir fingerðar sálarlífslýsingar og raunsæislegar. Og ég neita því ekki, að einstaka persónur verða minnisstæðar, t.d. vinkona söguhetju, tveimur árum eldri henni. Þar er ýmislegt skondið, svo sem þegar stelpurnar, sjö og níu ára, eru að leika hjón; „Nú átt þú að stynja ákaft", o.s.frv. En í heild finnst mér þetta heldur lítið spennandi bók og lofið um hana enn einn vitnisburðurinn um hve félagsfræðileg sjónarmið og annað því um líkt yfirgnæfir bókmenntaleg viðhorf í bókmenntaumræðum hér í landi.

Marianne Larsen: Gæt hvem der elsker dig. Skáldsaga, Borgen 1989, 270 bls.